



## Forsaga gyðingdóms

### Abraham

1. Til Kaananlands.
2. Abraham og Sara höfðu ekki eignast nein börn og þar sem Sara var orðin gömul var hún vonlítil um að eignast nokkurn tíman börn.
3. Guð og englar hans tveir.
4. Vegna þess að þeir líta á hana sem staðfestingu á tilkalli þeirra til landsvæðisins sem nú kallast Ísrael.
5. Gyðingar líta svo á að Abraham sé upphafsmaður gyðingdóms og ættfaðir allra gyðinga.

### Frelsunin frá Egyptalandi

1. Þjóðin hafði verið neydd til þess að vinna sem þrælar hjá konungi Egypta.
2. Vegna þess að konungurinn hafði fyrirskipað að drepa ætti alla nýfædda drengi Ísraelsmanna.
3. Dóttir konungsins fann körfuna með Móse í, kenndi í brjósti um hann og ákvað að ala hann upp eins og sinn eigin son.
4. Að fara og leysa Ísraelsmenn úr ánauð Egypta.
5. Vegna þess að konungurinn vildi ekki sleppa Ísraelsmönnum.
6. Guð sagði þá Móse að lyfta stafnum sínum út yfir Rauðahafið en við það klofnaði vatnið og myndaði gangveg svo Ísraelsmenn gátu gengið þurrum fótum yfir.
7. Á páskahátíðinni.

### Eyðimerkurförin

1. Vegna þess að matur og vatn var uppurið.
2. Guð hreinsaði vatnið og sendi lynghænur og korn til fólksins.
3. Í 40 ár.
4. Á laufskalahátíðinni.

### Sáttmálinn á Sínaí fjalli

1. Tvær steintöflur sem á voru rituð boðorðin tíu.
2. Hér er ekkert rétt svar en mikilvægt er að færa rök fyrir valinu.
3. Hér er ekkert rétt svar en mikilvægt er að færa rök fyrir valinu.
4. Vegna þess að fólkíð hafði gert sér gullkálfr sem líkneski og var farið að tilbiðja hann.

### Ísraelska konungsríkið

1. Kaananland.
2. Vegna þess að það var Davíð konungur sem gerði Jerúsalem að höfuðborg Ísraels.
3. Salómon lét byggja musterið í Jerúsalem. Inn í því stóð sáttmálsörkin, heilög kista sem í voru geymdar steintöflurnar með boðorðunum tíu.
4. Hann stakk upp á því að höggva barnið í tvennt og skipta því á milli kvennanna. Önnur konan hrópaði þá upp yfir sig og sagði að hin konan mætti halda barninu. Salómon sá þá að hún væri raunverulega móðirin þar sem hún kaus frekar að láta barnið frá sér en deyða það og gaf henni barnið.



5. Það skipist upp í tvö konungsríki, Ísrael og Júda.
6. Hvaða ríki hertóku Ísrael og Júdeu? Assýríumenn hertóku Ísrael en Babýlonóumenn hertóku Júda.
7. Babýloníumenn neyddu íbúa Júda í útleið til Babýlon og þar sem þeir voru kallaðir júðar eða gyðingar. Gyðingar nútímans eru svo afkomendur íbúa Júda .

## Sagan af Ester

1. Persa.
2. Hér er ekki eitt rétt svar en gott er að íhuga stéttaskiptingu og stöðu gyðing sem minnihlutahópur í landinu því væntanlega er ástæðan sú að frændinn hafi óttast að konungurinn myndi ekki velja sér konu af gyðingaættum.
3. Mordekai komst að ráðbruggi tveggja manna um að ráðast á konunginn. Hann sagði Ester frá því og hún varaði konunginn við.
4. Mordekai neitaði að hneigja sig fyrir Haman vegna þess að gyðingar hneigðu sig aðeins fyrir Guði sínum. Þegar Haman komst að þessu fyrirskipaði hann að láta drepa alla gyðinga í landinu.
5. Hvað gerði Ester til að hjálpa frænda sínum og hvernig gekk það? Ester fór óboðuð á fund konungs þó að hún vissi að við slíku var dauðadómur. Hún sagði konunginum að hún væri gyðingur og bað hann um að þyrma sér og þjóð sinni. Hún minnti hann einnig á að Mordekai hefði bjargað lífi hans. Konungurinn sá að Haman hafði blekkst hann og lét hengja hann en Mordekai fékk virðingarstöðu hjá konunginum og lífi gyðinganna var þyrmt.
6. Púrím hátíðin.

## Endurvígsla musterisins

1. Vegna þess að konungurinn reyndi að láta gyðinga tilbiðja grísku guðina í musterum sínum.
2. Hann sendi hermenn sína inn íusterið í Jerúsalem þar sem þeir myrtu fólk, skemmduusterið, stálu dýrgripum og slöktu á olíuljósunum. Auk þess kom hann á ströngum lögum sem bönnuðu marga siði gyðinga t.d. umskurð, að halda hvíldardaginn heilagan og lestur Lögmálsins. Hann opnaði einnigusterið fyrir allri þjóðinni og kom þar fyrir musteritil heiðurs grísku guðunum og reyndi að neyða gyðinga til að fórna svíni íusterinu.
3. Þeir trúðu því að Guð mundi vernda þá í baráttunni.
4. Þeim tókst að vinna Jerúsalem aftur á vald sitt og eftir 500 ára ósjálfstæði voru gyðingar nú aftur sjálfstæð þjóð. Uppreisn þessi sem hefur verið nefnd Makkabeusar uppreisnin í höfuðið á Júdasi Makkabeus sem stjórnaði uppreisninni.
5. Það var ekki til olía fyrir olíuljósina nema sem hefði átt að duga til eins dags en hún logaði samt í átta daga eða þangað til búið var að útvega meiri olíu.
6. Ljósahátíð eða hanukkah.

## Síðari tímar

### Tvístrun og ofsóknir gegn gyðingum

1. Um 50 árum f. Kr.



2. Sílótar voru hópur gyðinga sem börðust gegn Rómverjum í Masada-virkinu í suðurhluta Ísraels. Þeir voru færri og verr vopnum búnir en rómverski herinn en náðu samt að halda vörnum í 2 ár en þá náðu Rómverjar að gera skarð í virkisvegginn og brutust inn í virkið.
3. Gyðingar töpuðu stríðinu, voru gerðir útlægir frá Jerúsalem og musteri þeirra eyðilagt. Margir hrökkluðust burt frá Palestínu og settust að í öðrum löndum.
4. Í Evrópu var algengt að gyðingar fengju ekki að setjast að þar sem þeir vildu heldur var þeim úthlutað ákveðnum hverfum sem þeir máttu búa í og nefndust þau „gettó“.
5. Í lok 19. aldar hafði gyðingahatur eða and-semitismi í Evrópu aukist gífurlega og gyðingar flúðu því í stórum stíl til Ameríku.
6. Í valdatíð Hitlers og nasismans í Þýskalandi voru framin þjóðarmorð á gyðingum. Þeir voru pyntaðir og myrtir á kerfisbundinn hátt með þeim skelfilegu afleiðingum að sex milljónum gyðinga var útrýmt.

## Stofnun Ísraelsríkis

1. Vegna þess að í trúarriti gyðinga segir að Guð hafi gefið þeim þetta landsvæði.
2. Þegar gyðingar tóku að flytjast til Palestínu bjuggu þar fyrir palestínskir arabar. Það varð strax mikil spenna á milli Palestínumanna og gyðinga í landinu sem oft hefur leitt til blóðugra bardaga.
3. S.P. gáfu gyðingum leyfi til að stofna sitt eigið ríki í Palestínu.
4. Hér er ekki eitt rétt svar en gott er að hugleiða stöðu Palestínumanna þegar nýtt ríki er stofnað á því landsvæði sem þeir hafa búið á öldum saman.
5. Í Sex daga stríðinu sem stóð á milli Ísraelsmanna annars vegar og Egypta, Jórdana og Sýrlendinga hinsvegar hertóku Ísraelsmenn stór landsvæði sem búsett voru af Palestínumönnum. Þetta voru Gazasvæðið, Gólanhæðir, Sínaískaga, Vesturbakki Jórdanár og öll Jerúsalem.

## Gyðingdómur í dag

1. Rétttrúnaðargyðingar.
2. Rétttrúnaðargyðingar vilja að farið sé eftir lögmálinu eins og það er skráð í Tóra og halda sterkt í gömul gildi eins og reglur um mataræði og að aðskilja kynin í sýnagógunum en umbótasinnar vilja aðlagast nútímanum og halda því ekki eins stíft í ákvæði lögmálsins og líta því t.d. svo á að staða karla og kvenna sé jöfn.
3. Kabbala-hreyfingin eða Kabbala-miðstöðin og er eins konar nýaldarhreyfing með tilvísun í hinn forna Kabbalisma sem er dulspekihreyfing innan gyðingdóms. Hreyfingin leitast eftir einingu í gyðinglegri dulspeki og því eru allir velkomnir í hana, óháð trú, stjórnmálaskoðunum eða kynþætti. Hreyfingin hefur vakið mikla athygli síðastliðin ár vegna fjölda frægs fólks sem aðhyllist hana. Sem dæmi um það má nefna söngkonurnar Madonna og Britney Spears og leikarana Demi Moore og Ashton Kutcher.

## Kennisetningar og reglur

### Einn Guð

1. Eingyðistrú er átrúnaður þar sem fylgjendur þess trúna því að það sé aðeins einn Guð sem er æðstur öllum.





2. „Heyr Ísrael! Drottinn er vor Guð; hann einn er Drottinn!“
3. Jahve sem er skrifað JHWH á hebresku.
4. Vegna þess að þeir telja nafnið vera svo heilagt að það má ekki nefna það upphátt.

## Sköpunin

1. Sex daga.
2. Hvað átti Guð að hafa gert á síðasta deginum og hvað gera gyðingar á þeim degi? Á sjöunda og síðasta deginum átti Guð að hafa hvílt sig og þessvegna halda gyðingar hvíldardaginn heilagan með því að vinna ekki á þeim degi.
3. Á nýárshátíðinni eða rosh hashna.

## Messías

1. Messías merkir hinn smurði og vísar til þess að á þessum tíma voru menn smurðir með ólífúolíu þegar þeir voru vígðir til konungs.
2. Þeir telja að hann muni frelsa gyðinga undan kúgun og koma á Guðsríki.
3. Þá muni Messías koma og sælutími gyðinga renna upp en Guð mun fella dóm yfir heiðingjana.

## Boðorð og siðaboðskapur

1. Trúarlíf gyðinga er fólgið í því að fræðast um lögmálið, Tóra, og biðjast fyrir í sýnagógunni.
2. Gyðingar þurfa að fara eftir 623 boðorðum. Annarsvegar boðorðunum tíu og hinsvegar 613 boðorðum sem er að finna í Halakhah og kallast mitzvot.
3. Hér er ekki eitt rétt svar heldur á spurningin að fá nemendur til að hugleiða tilgang með boðorðum, lögum og reglum.
4. „Eigi skalt þú hefnisamur vera né langrækinn við samlanda þína, en þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Ég er Drottinn“

## Helgirit

1. Tenakh er aðalhelgirit gyðinga en kristnir menn þekkja það betur sem Gamla testamentið.
2. Tóra eða lögmálið er helsti trúartexti gyðingdómsins og er heilög ritning gyðinga. Tóra eru Mósebækurnar fimm í Tenakh eða Gamla testamentinu.
3. Tóra-bókroðlur eru varðveittar inni í skáp er nefnist örkin í sýnagógunni. Þegar gyðingar biðjast fyrir í sýnagógunni snúa þeir sér í átt að örkinni enda á hún alltaf að snúa í átt að Jerúsalem.
4. Siðaboðskap gyðinga og ýmsar hefðir sem byggjast á boðorðunum er að finna í Halakhah.
5. Í Talmúd er að finna safn sem inniheldur trúarhefðir gyðinga og er ritað af rabbínum.
6. Við bænahald.
7. Á páskunum.

## Tákn og helgir dómar

### Tákn gyðingdóms

1. Gyðingastjarnan.
2. Sex armar.





3. Talið er að Davíð konungur hafi átt skjöld sem hann notaði í bardögum sínum og á honum hafi verið þessi sex arma stjarna. Einnig er talið að sex arma stjarna hafi verið undir sáttmálsörkinni í musterinu til forna. Önnur kenning er sú að armar stjörnunnar vísi til sköpunarsögunnar sem segir að það hafi tekið Guð sex daga að skapa heiminn.
4. Uppruna sjö arma kertastjakans er hægt að reka alveg aftur til rómverska tímans.
5. Ljónstáknið er notað á skjaldamerki Jerúsalem og skreytti eitt sinn þjóðfána Eþíópíu.
6. Hér er ekkert rétt svar en gott er að hugleiða að öll tákni hafa ákveðna merkingu í huga fólk og ef við skiljum merkinguna þá getum við sagt okkur ýmislegt um þann sem ber tákni. Í huga flesta er ljónið merki hugrekkis eða konungs.

## Sýnagógan

1. Sýnagógan eða *bet ha-knesset* merkir samkomuhús og hefur orðið miðstöð trúarlífs gyðinga.
2. Sýnagógurnar snúa allar í átt að Jerúsalem svo gyðingar geti horft í átt að þeim stað þar sem Guð staðsetti það helgasta af öllu heilögu. Allar sýnagógur eiga að hafa glugga, annars vegar til að horfa til himins og hins vegar til að minna á heiminn í kring sem einnig tilheyrir Guði. Gluggarnir eru oft hafðir tólf til að minna á hina tólf ættbálka Ísraels. Inni í sýnagógunni, við austurhlið, er alltaf skápur sem nefndur er örkin og fyrir honum er forhengi. Örkin er eftirmynd afsáttmálsörkinni sem var geymd í musterinu í Jerúsalem.
3. Fórnir.
4. Sýnagógurnar eru bænahús, skóli, bókasafn og félagsmiðstöð gyðinga.

## Jerúsalem

1. Vegna þess að hið forna musterí stóð í Jerúsalem en það var mesti helgidómur Ísraelsmanna til forna.
2. Babýloníumenn, Persar, Sýrlendingar og Rómverjar.
3. Árið 70 e.kr. voru gyðingar voru gerðir útlægir frá Jerúsalem eftir að uppreisn þeirra gegn Rómverjum mistókst.
4. Henni var skipt á milli gyðinga og araba.
5. Gamli bærinn í Jerúsalem er ekki nema einn ferkílómetri að stærð en í honum er að finna nokkra af mikilvægustu helgistöðum Jerúsalem. Nefna má Grátmúrinn og Musterishæðina, sem eru mikilvægir staðir fyrir gyðinga en þar er einnig að finna marga staði sem eru mikilvægir fyrir kristna menn og múslima. Gamli bærinn var settur á heimsminjaskrá UNESCO árið 1981.

## Grátmúrinn

1. Grátmúrinn er það eina sem varðveist hefur frá tímum Heródesar mikla sem var konungur yfir Júda á fyrstu öld f. Kr.
2. Vegna þess að þeim var bannaður aðgangur að musterishæðinni.
3. Vegna þess að gyðingar telja að veggurinn sé heilagri en allt heilagt.
4. Bat- og bar-mitzva eða ungdómsvígslur gyðinga.
5. Biðjast fyrir.

## Musterishæðin

1. Atburðurinn þegar Abraham ætlaði að fórna syni sínum.



2. Á miðri Musterishæðinni er klettur sem er hæsti staður gömlu borgarinnar og samkvæmt Talmúd var heimurinn skapaður úr þessum kletti og er hann þar með fyrsti staðurinn í tilverunni.
3. Þegar Messías birtist og endurbyggir musterið í síðasta sinn.

## Siðir

### Siðaboðin

1. Vegna þess að gyðingum er skylt að borga til þess eftir efnum og aðstæðum.
2. Að fólk eigi að reyna að skilja við heiminn aðeins betri heldur en þegar þeir fæddust í hann.
3. Hér er ekkert eitt rétt svar heldur er þetta heimspekileg spurning um sem er hugsuð til að fá nemendur til að huga að hlutverki sínu í heiminum og hvaða áhrif við getum haft.
4. Einstaklingurinn ber sjálfur ábyrgð á því sem hann gerir.

### Hvíldardagurinn

1. Frá því að sólin sest á föstudegi og til sólarlags á laugardegi er hvíldardagurinn.
2. Sabbat.
3. Vegna þess að samkvæmt sköpunarsögunni skapaði Guð heiminn á sex dögum en hvíldi sig á þeim sjöunda og því gera gyðingar slíkt hið sama.
4. Í upphafi og lok hvíldardagsins er kveikt á tveimur kertum, sabbatljósum, og farið með blessunarorð. Á föstudagskvöldi borðar fjölskyldan saman sabbatmáltíð. Í stærrí samfélögum eru haldnar guðspjónustur í sýnagógunni á föstudagskvöldi eða laugardagskvöldi en á Íslandi hittast gyðingar stundum í heimahúsi eða í sal. Hvíldardeginum lýkur svo með hátíðlegri athöfn sem nefnist *havdala*. Þá er kveikt á fléttuðu kerti sem lýsir inn í komandi viku. Farið með blessunarorð yfir víni og bauk sem inniheldur ilmandi krydd. Allir lykta úr bauknum til að taka hughrif sabbatsins með sér inn í vikuna. Síðan er ljósið slökkt með víninu.
5. Hér er ekkert rétt svar en gott er að leiða huga að því að margir menningarheimar eiga sameiginlega siði.

### Fæðing barns

1. Bæði nafn sem er viðeigandi í því landi sem þau búa í og hebreskt nafn sem þau nota í sýnagógunni og á trúarlegum skjölum.
2. Umskurn er trúarleg athöfn á drengjum þar sem húð framan á typpinu er skorin í burt.
3. Um leið og þeir eru teknir í söfnuðinn og gefið nafn.

### Ungdómsvígsla

1. Ungdómsvígsla gyðinga kallast bat- mitzva hjá stúlkum og fer fram þegar þær verða 12 ára og bar-mitzva hjá drengjum og fer fram þegar þeir eru 13 ára.
2. Fræðast um trúna og læra hebresku.
3. Vígslan fer yfirleitt í sýnagógu en á Íslandi er engin sýnagóga þannig að hér fer hún fram í heimahúsi eða í sal.
4. Vegna þess að við vígsluna þurfa þeir að lesa upp úr lögmálinu eða Tóra og það er ritað á hebresku.



5. Íslandi er engin sýnagóga þannig að vígslan fer fram í heimahúsi eða í sal. Auk þess er enginn rabbíni á Íslandi þannig að það er ekki rabbíni sem sér um fræðsluna fyrir vígsluna heldur tekur einhver fullorðinn gyðingur það að sér.

## Hjónaband

1. Hjónaskilnaður er leyfilegur en almennt ekki vel séður.
2. Annað hvort gifta sig hjá dómara eða leita út fyrir landsteinana vegna þess að það er enginn rabbíni á Íslandi.
3. Rabbíni er prestur gyðinga.
4. Brúðhjónin drekka vín úr sama glasinu til merkis um sameiginleg örlög þeirra í framtíðinni. Brúðguminn stígur svo á glasið svo það brotnar til að minnast þess að bæði góðir og slæmir tímar koma upp í hjónabandinu en einnig til að minnast eyðileggingar musterisins forna.

## Andlát og útför

1. Samkvæmt hefðum gyðinga þarf greftrun að eiga sér stað innan tveggja sólarhringa frá andláti.
2. Vegna þess að allir eru jafnir fyrir Guði bæði fátækir og ríkir.
3. Vanalega er það rabbíni sem les bæn yfir gröfinni en á Íslandi er enginn rabbíni og því tekur einhver fullorðinn fjölskyldumeðlimur að sér að syngja bænir og sjá um athöfnina.

## Matarvenjur

1. Borða ekki svínakjöt og ekki blanda saman mjólkurvörum og kjöti.
2. Upprunalega voru þetta grundvallarreglur um hreinlæti.
3. Kosher merkir að matvara sé rétt meðhöndluð miðað við trúarreglur.
4. Kosher-kjöt er kjöt sem var slátrað þannig að allt blóð leki úr því áður en það er matreitt.
5. Borið er fram brauð, *matzah*, sem er flatt, þunnt og án gers. Það táknað það brauð sem Ísraelsmenn höfðu með sér þegar þeir fóru í skyndi frá Egyptalandi. Einnig er borið fram lambalæri sem tákn um lambið sem fórnað var. Salat með hnetum og ávöxtum er tákn um múrsteinsvinnu Ísraelsmanna í Egyptalandi. Steinselju er dýft í salt vatn til að minnast þjáninga Ísraelsmanna á tímum kúgunar.
6. Það er ekkert rétt svar við þessari spurningu en tilgangur hennar er að nemendur sjái að flestir hafa einhverjar hefðir. T.d. er algengt að hefð sé fyrir hvað sé í matinn á ákveðnum dögum eða hátíðum.

## Bænir

1. Sjemoneh esreh er aðal bænin í hverri guðsþjónustu. Hún er átján liða bæn sem er meira en 200 ára gömul.
2. Bænasjal.
3. Tefillin eru tveir svartir leðurhólkar sem sumir gyðingar bera við bængjörðir sínar. Annan bera þeir á vinstri hendinni en hinn á enninu.
4. Mesusah er stokkur með upprúllaðri pergamentsroðlu, er hengdur á hurðarstaf útidyra á heimilum gyðinga og margir þeirra snerta hann þegar þeir ganga framhjá. Á pergamentsroðluna er búið að skrifa *shema*-bænina.
5. Hér er ekkert rétt svar en gott er að hugleiða að í flestum menningarheimum og átrúnaði er að finna hluti sem taldir eru veita gæfu eða vernd. Dæmi um slíka gripi eru kross hjá kristnum mönnum og á vestrænum löndum eru margir sem trúa því að skeifa sé lukkugripur.



## Hátíðir

### Nýársdagur

1. Í september eða október.
2. Sköpunar heimsins.
3. Hrutshornið á að minna fólk á að það standi frammi fyrir guði og það að hvetja til iðrunar og yfirbóta. Það minnir einnig á lúðrabýttinn við Sínaíffjall þegar Ísraelsmenn fengu lögmálið afhent og hrútinn sem Abraham fórnaði í stað Ísaks.
4. Á áramótum staldra gyðingar við og líta til baka og skoða hvernig þeim hefur gengið að halda boðorð lögmálsins og hvernig þeir geta bætt sig í þeim efnum. Vinsæl hefð á Vesturlöndum er að strengja áramótaheit um áramót og lofa þá margir sjálfum sér einhverjum bótum og betrum eins og að vera duglegri að hreyfa sig eða vera betri við náungann.

### Friðþægingardagur

1. Tíu dögum eftir nýársdaginn.
2. Friðþægingardagurinn er helgastur allra helgidaga og því kallaður mesti hvíldardagurinn.
3. Biðjast fyrir vegna synna sinna og fasta.
4. Gyðingar líta svo á að Guð geti eingöngu fyrirgefið það sem þeir hafa gert á hans hlut. Ef þeir hafa gert eitthvað á hlut einhvers annars en Guðs verða þeir að leita beint til viðkomandi og óska eftir sátt og fyrirgefningu. Sá sem getur fengið fyrirgefningu Guðs verður einnig að vera tilbúinn að fyrirgefa öðrum.

### Laufskálahátíð

1. Að hausti.
2. Níu daga.
3. Annars vegar er verið að minnast þess áður fyrr var algengt að fjölskyldur svæfu út á ökrum meðan á haustuppskerutímabilinu stóð og því gátu menn unnið lengur og gætt uppskerunnar. Einnig er verið að minnast 40 ára veru Ísraelsmanna í eyðimörkinni.
4. Á laufskálahátíðinni reisa fjölskyldur litla skála úr lauftrjám við heimilin og sýnagógurnar og reyna að eyða sem mestum tíma í skálanum á meðan á hátíðinni stendur.

### Ljósahátíð

1. Hanukka.
2. Í desember.
3. Þess er minnst þegar tókst að frelsa Jerúsalem undan Sýrlendingum og ljósið í musterinu fór aftur að loga.
4. Hátíðin stendur í 8 daga vegna þess að sagan segir að þegar kveikja átti ljósið á ný í musterinu var aðeins til olía í einn dag en það logaði þó í átta daga eða þar til tókst að útvega meiri olíu.
5. Á hverju kvöldi kemur fjölskyldan saman og kveikir á einu kerti og börnin fá litlar gjafir. Mikil gleði fylgir þessari hátíð og farið er í leiki og mikið sungið. Kertin loga í níu arma kertastjaka er svipar til þess stjaka sem stóð í musterinu til forna í Jerúsalem. Kveikt er á einu kerti á hverju kvöldi í þessa átta daga en níundi armurinn er fyrir kertið sem notað er til að kveikja á hinum kertunum með.





6. Hátíðin er ekki alltaf sömu megin við jólahátíðina vegna þess að gyðingar fylgja tunglárinu en kristnir sólarinu.

## Púrím

1. Klæða sig í furðuföt og safnast saman til að hlusta á frásögnina um Ester.
2. Þess er minnst þegar Ester drottning og frændi hennar björguðu Ísraelsmönnum frá útrýmingu í Persíu.

## Páskar

1. Vegna þess að þá minnst þeir þess tíma er forfeðurnir voru þrælar í Egyptalandi en Guð frelsaði þá úr ánauð.
2. Páskarnir eru haldnir í mars eða apríl og standa í átta daga.
3. Haggada er bók með frásögum og söngvum sem tengjast þessum atburðum.
4. Seder.

## Viknahátíð

1. Sjö vikum eftir páska.
2. Upphaflega var hátíðin í tilefni sumar uppskeru á korni en fékk svo trúarlega merkingu þar sem talið er að Móse hafi tekið við sáttmálanum á Sínáí fjalli á þessum tíma ársins.
3. Víðsvegar gróðursetja gyðingar tré í tilefni hátíðarinnar.
4. Á þessum árstíma er enn of kalt til að gróðursetja tré á Íslandi þannig að Íslenskir gyðingar gróðursetja tré á öðrum tíma.